

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

74

31. maí

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, sbr. lög nr. 50 17. maí 1947, staðfestist hér með og birtist til eftirbretyni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 31. maí 1958.

Hermann Jónasson.

Brynjólfur Ingólfsson.

S A M Þ Y K K T

75

31. maí

um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð í Eyjafjarðarsýslu,
nr. 55 17. maí 1926.

1. gr.

2. gr. samþykktarinnar orðist þannig:

Öngulsstaðahreppur:

1. *Leifsstaðavegur*, af Norðurlandsvegi norðan við Festarklett að Leifsstöðum.
2. *Garðsárdalsvegur*, af Laugalandsvégi neðan Hóls að Garðsá.

Saurbæjarhreppur:

3. *Sölvadalsvegur*, af Vatnsendavegi norðan Núpufells að Þormóðsstöðum.
4. *Hólsgerðisvegur*, af Eyjafjarðarvegi hjá Torfufelli að Hólsgerði, með álmu austur yfir Eyjafjarðará.
5. *Gilsbakkavegur*, af Djúpadalsvegi norður frá Hvassafelli að brú á Skjöldalsá við Gilsbakka.

Hrafnagilshreppur:

6. *Finnastaðavegur*, af Eyjafjarðarvegi norðan Hólshúss um efrabyggð að brúnni á Skjöldalsá, neðan Gilsbakka.

Glæsibæjarhreppur:

7. *Ásláksstaðavegur*, frá Norðurlandsvegi neðan við Samtún um Ásláksstaði að Hrappsstaðaá.
8. *Gásavegur*, frá Dagverðareyri um Gásir, Skipalón, Hlaðir að Hörgárbrú.

Öxnadalshreppur:

9. *Hraunsvegur*, af Hörgárdalsvegi innri, vestan Öxnadalsárbrúar undan Bægisá, upp Hörgárdal að vestan að Hrauni, með álmu yfir á Norðurlandsveg hjá Þverá.

Skriðuhreppur:

10. Af *Hörgárdalsvegi* innri hjá Flögu upp með ánni að Flöguseli.
11. *Búðarnesvegur*, af Hörgárdalsvegi innri nálægt Myrká yfir Hörgá að Búðarnesi.

Arnarneshreppur:

12. *Brekkutorfuvegur*, af Hörgárdalsvegi ytri hjá Björgum um Möðruvelli, Brekkutorfu og á Dalvíkurveg hjá Hofi.
13. *Ósvegur*, af Dalvíkurvegi rétt norðan Hofs, um Óstún og á Hjalteyrarveg rétt neðan Braghólts.

- 75 14. *Pálmholtsvegur*, af Þjóðveginum hjá Reystrará um Pálmholt og Búland á Ósveg
31. maí hjá Syðribakka.

Árskógshreppur:

15. *Vallholtsvegur*, af Dalvíkurvegi við Þorvaldsdalsá um Vallholt og Brattavelli að landamerkjum Kleifar.

Dalvíkurhreppur:

16. *Holtsvegur*, af Múlavegi við Brekkunaust að Holti.

Svarfaðardalshreppur:

17. *Skiðadalsvegur*, af Hrisavegi vestan Skiðadalsárbrúar fram vestan ár að Kóngsstöðum, með álmu yfir á brú norðan Klængshóls.
18. *Urðavegur*, af Svarfaðardalsvegi hjá Urðum norðan ár að Atlastöðum, með álmu yfir brú á Svarfaðardalsá við Lambá um Hæringsstaði að Búrfelli og Skeiði.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi, jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 54 27. maí 1929, um breyting á samþykkt um sýsluvegasjóð í Eyjafjarðarsýslu, nr. 56 17. maí 1926.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, um sýsluvegasjóði, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 31. maí 1958.

Hermann Jónasson.

Brynjólfur Ingólfsson.

76

9. júní

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um skyldusparnað, nr. 184 frá 27. nóv. 1957.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Öllum einstaklingum á aldrinum 16—25 ára skal skylt að leggja til hliðar 6% af launum sínum, sem greidd eru í peningum eða sambærilegum atvinnutekjum, í því skyni að mynda sér sjóð til íbúðarbygginga eða bústofnunar í sveit.

Skyldusparnaðurinn hefst við næstu mánaðarmót eftir að hlutaðeigandi verður 16 ára og lýkur við næstu mánaðarmót eftir að hann verður 26 ára.

2. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Undanþegnir sparnaðarskyldu eru:

- a. gift fólk, sem hefur stofnað heimili;
- b. skólafólk, sem stundar nám í skóla 6 mánuði eða meira á ári, og iðnnemar meðan þeir stunda iðnnám;
- c. unglingar í sveitum, sem vinna hjá foreldrum sínum eða fósturforeldrum og leggja árlega 25% af kaupí sínu, að fæði frádregnu, í bústofsaukningu;